



Varðandi: Heimsendur matur - beiðni um endurskoðun samnings 2017
Málsnúmer: 1708014
Dagsetning: 21. desember 2017

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 69. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 7. nóvember s.l. var fjallað um samkomulag sem er milli Akraneskaupstaðar og Ara Grétars Björnssonar, um greiðslu fyrir akstur á heimsendum mat til eldri borgara og öryrkja á Akranesi. Samstarfsaðili hafði óskað eftir hækkun á samningsupphæð.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Samningurinn Akraneskaupstaðar við Ara Grétar Björnsson var undirritaður 2013 og hefur verið í óbreyttri mynd síðan, einnig samningsupphæðin kr. 208.000 á mánuði auk virðisauka. Samningurinn miðaðist við að fjöldi heimsendinga sé að jafnaði 25-30 matarbakkar á dag. Í dag eru að jafnaði keyrðir út 10-15 matarbakkar á dag ársins.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á fundi sínum hækkun á samningsupphæð um kr. 42.000 á mánuði. Ráðið fól félagsmálastjóra og sviðsstjóra að endurnýja samning við samningsaðila. Nýr samningur gildir frá 1. desember 2017. Kostnaður vegna hækkunar á samningsupphæð verður færður á milli bókhaldslykla í fjárhagsáætlun eins og tillögur starfsmanna hljóðuðu. Ekki verður því gert ráð fyrir hækkun á fjárhagsáætlun vegna kostnaðar við hækkun á samningi.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til kynningar í bæjarráði.

Svala Hreinsdóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs